

17. júní haldinn hátíðlegur á Snæfellsnesi

Landsmenn héldu Þjóðhátíðardag Íslendinga hátíðlegan 17. júní og líkt og vanalega var boðið upp á fjölbreytta dagskrá á nesinu.

Í Snæfellsbæ hófst dagurinn á Landsbankahlaupinu þar sem börn á öllum aldri hlupu og fengu ís að launum. Að hlaupinu loknu hélt skruðganga af stað frá Landsbankanum og endaði í Sjómannagarðinum í Ólafsvík þar sem Auður Kjartansdóttir setti hátíðardagskrána. Halldóra Unnarsdóttir var kynnrir á hátíðinni, Eirný Svana Helgadóttir var Fjallkonan í ár og las hún Draumalandið eftir Jón Trausta. Ægir Örn Sveinsson var með helgistund fyrir viðstadda og Ingibjörg Kristín Kristjánsdóttir, nýstúdent, hélt ræðu. Ingó Geirdal töframaður lék listir sínar og að lokum sungu kirkjukórar Snæfellsbæjar nokkur lög. Að hátíðarhöldunum loknum bauð hestaeigendafélagið Hringur börnum á hestbak í reiðhöllinni og Slökkvilið Snæfellsbæjar bauð í froðufjör við Gilið í Ólafsvík þar sem ungir sem aldnir skemmtu sér vel. Hótel Búðir buðu í sína árlega hátíðarveislu í tilefni dagsins og seinnipart dags byrjaði svo hátíðardagskrá Ungmennafélags Staðarsveitar á íþróttavellinum við Lýsuskóla með skruðgöngu, söng og grilluðum pylsum. Fjallkonan þar var Rósa Erlendsdóttir og las hún Hallelúja eftir Þórdísi Sigurbjörnsdóttir frá Hrísum í Flókadal og Vor eftir Þórarinn Eldjárn. Deginum lauk svo með Shoot-out móti Sjávargrillsins á Fróðárvelli þar sem 15 kylfingar spiluðu til verðlauna og Höskuldur Árnason fór með sigur úr býtum.

Í Grundarfirði hófst dagurinn á árlega Grundar- og Kvernárhlaupinu með góðri þátttöku. Þá var Sundmót UMFG haldið í sundlaug Grundarfjarðar og að því loknu var uppskeruhátíð ungmennafélagsins þar sem var grillað ofaní mannskapinn og veitt verðlaun fyrir hlaup og sund morgunsins. Um miðjan dag hélt skruðganga af stað frá miðbæjarsvæði bæjarins að hátíðarsvæðinu við íþróttahúsið. Þar söng skólakór Grundarfjarðar fyrir viðstadda og



Hanna María Guðnadóttir var Fjallkonan í ár. Hún las ljóðið Hver á sér fegra föðurland eftir Huldu. Nemendur Grunnskóla Grundarfjarðar sem komu að uppsetningu Fíu Sólar mættu á svæðið með skemmtiatriði og Sandy og Diana héldu svo stuðinu uppi með zumba salakennslu. Loftboltar, hoppukastalar og andlitsmálning voru í boði á hátíðarsvæðinu og deginum var svo lokið með sundlaugapartýi fyrir nemendur á unglingastigi.

SJ



Vígsla á nýju anddyri á Jaðri

Þann 10. júní síðastliðinn var formleg opnun á nýju anddyri Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars. Anddyrið er ekki bara stækkun fyrir heimilið heldur einnig stórbætt aðgengi fyrir alla sem þar búa. Á Jaðri búa einstaklingar sem nota hjólastóla, stafi og göngugrindur við allar daglegar athafnir og nú geta þau farið út úr húsi án þess að þiggja aðstoð. Breytingin felur í sér aukið frelsi fyrir þessa einstaklinga og gera þeim kleift að öðlast aftur ákveðið sjálfstæði sem þau höfðu

tapað tímabundið vegna skorts á aðgengi. Forsvarsmenn Jaðars vilja þakka öllum þeim sem mættu og fögnuðu þessum tímamótum með íbúum. Veðrið lék við gesti á opnuninni en það gaf gestum færi á að vígja líka nýtt útsvæði við hlið anddyrisins. Boðið var upp á léttar veitingar sem matráður heimilisins töfraði fram.

Á myndinni halda Ágúst Hjalti Sigurjónsson og Guðrún Alexandersdóttir í borðann á meðan Kristján Jóhannes Karlsson klippti.

JJ



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Íslandsmótaröðin í motocross



Fyrsta umferð Íslandsmótsins í motocross fór fram á brautinni á

Breiðinni laugardaginn 14. júní. Motocrossklúbbur Snæfellsbæjar

ar stóð að þessari fyrstu umferð mótsins en Íslandsmótið er haldið

af MSÍ, Mótorhjóla- og snjósleða-íþróttasamband Íslands. Klubbinn í Snæfellsbæ hefur unnið hörðum höndum við að undirbúa brautina fyrir mótið en hún var endurbætt 2019 og hefur verið haldið vel við síðan. Brautin var í góðu standi fyrir keppnina en 38 keppendur mættu til leiks og fjölmargir áhorfendur gerðu sér ferð á brautina utan Ennis á laugardaginn. Keppt var í nokkrum flokkum, eitthvað var um minniháttar meiðsli og einn keppandi var sendur með sjúkrabíl. Að öðru leyti fór keppnin vel fram í blískaparveðri og næsta umferð fer svo fram á Akranesi laugardaginn 28. júní.

SJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Fjallkonan haldin á Snæfellsnesi

Aflraunakeppnin Fjallkonan var haldin á Snæfellsnesi síðastliðna helgi. Laugardaginn 14. júní kepptu 8 sterkar konur um titilinn Fjallkonan á Ólafsbrautinni í Ólafsvík, framan við Pakkhúsið, og á sunnudaginn 15. júní færðu þær sig inn í Stykkishölm. Þetta er í annað sinn sem keppnin er haldin en í henni koma saman margar afsterkustu konur landsins og keppa í ýmsum greinum til að vinna titilinn Fjallkonan. Keppnin í ár var hnífjöfn en þær sem lentu í 1. og 2. sæti í aflraunakeppninni voru jafnar og 3. sætið var einungis einu stigi á eftir þeim. Margt var um manninn að fylgjast með keppendunum sem virtust fara létt með að lyfta allt að 180 kg þyngdum.

SJ



Gleði og samvera á sumarhátíðum leikskóla Snæfellsbæjar

Fimmtudaginn 12. júní var líf og fjör við leikskólana Krílakot og Kríuból í Snæfellsbæ þegar sumarhátíðir voru haldnar með þátttöku barna, foreldra og starfsfólks. Boðið var upp á fjölbreytta óformlega dagskrá þar sem meðal annars var sirkussýning á vegum foreldrafélaganna, andlitsmálun, sýningar á verkum barnanna bæði úti og inni, dans, gleði og grillaðar pylsur. Báðar hátíðir heppnuð-

ust mjög vel og viljum við í Leikskóla Snæfellsbæjar færa foreldrum og börnum innilegar þakkir fyrir frábæra þátttöku og ánægjulega samverustund. Hátíðirnar endurspegluðu einkunnarorð leikskólans – virðingu, vináttu og gleði með eftirminnilegum hætti og hlökkum við strax til að hittast aftur á sumarhátíðum Leikskóla Snæfellsbæjar að ári liðnu.



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímapantanir í síma 436-1111

Boltinn

Lið Víkings átti langt ferðalag fyrir höndum fyrir leik þeirra við Hött/Huginn á Egilsstöðum laugardaginn 14. júní síðastliðinn. Leikurinn byrjaði rólega, fyrri hálfleikur var tíðindalítill að tveimur gulum spjöldum undanskildum en Kwame Quee og Luke Williams fengu báðir gult spjald. Á 52. mínútu seinni hálfleiks skoraði lið Hattar/Hugins út víti og var staðan þá 1-0. Kwame Quee átti þá skot í mark heimamanna á 56. mínútu og jafnaði leikinn í 1-1. Á 76. mínútu leiksins skotaði Höttur/Huginn aftur svo staðan varð 2-1 fyrir heimamönnum og endaði leikurinn á þeim nótum. Víkingur er í 7. sæti 2. deildar á Íslandsmóti KSÍ og næsti leikur liðsins er heimaleikur á móti

Gróttu laugardaginn 21. júní kl 14:00.

Reynir tók á móti Smára á Ólafsvíkuvelli laugardaginn 14. júní. Reynismenn áttu erfitt uppdráttar í leiknum en strax á þriðju mínútu kom fyrsta mark gestanna og eftir það dundu skotin á mark heimamanna. Í hálfleik var staðan 7-0 fyrir Smára og bættu þeir við fjórum mörkum til viðbótar áður en heimamenn komust í sókn og Guðjón Sigurðsson skoraði. Á 59. mínútu leiksins átti hann skot á mark mótherjanna og var staðan þá 1-11. Leikmenn Smára voru þó ekki hættir og lauk leiknum 1-14 eftir harða baráttu. Næsti leikur Reynismanna er við KM Reykjavík í Körnum mánudaginn 23. júní.

SJ

Útskriftarferð árgangs 2019

Fimmtudaginn 15. maí fór útskriftahópurinn frá leikskóla Snæfellsbæjar í útskriftarferðalag.

Ferðaplanið breyttist aðeins vegna mikils vinds, en létum það ekki skemma fyrir skemmtilegum degi sem fram undan var. Farið var á Malarrif þar sem skoðað var margt skemmtilegt í Gestastofunni, sum voru nokkuð huguð og smökkuðu söl og fannst þau góð.

Léku börnin sér í klifur dóti sem eru á grasblettinum við Gestastofuna, börnin vildi ólm fara í Aparóluna en því miður var hún ekki í lagi. Eftir góðan leik og fræðslu þá fengu börnin ávaxtabit áður en haldið var af stað á næsta áfangastað.

Við höldum í vonina að vind væri farin að lægja og keyrðum í Skarðsvíkina, fundum góðan stað í fjörinni þar sem hægt var að leika sér í sandinum með fötur og skóflur. Eftir góðan tíma í Skarðsvíkina, fundum við laut með logni þar sem gæddum okkur á dýrindis Jógúrtkókum, saltstöngum og



djúsi.

Hafþór rútbílstjóri tók með okkur rúnt í gegnum Hellissand og Ólafsvík og það fannst börnunum mjög spennandi og sáu margt svona hátt uppi.

Næst lá leiðin okkar í Reiðhöllina, þar sem mörg börn fóru út fyrir þægindaramman og fóru á bak. Við vorum ekkert smá heppin að þrír hestar voru sem börnin fengu að fara á bak, og þá auðvitað þurfti að fá að fara þrjár ferðir til að prufa alla hestana.

Það er ómetanlegt ár eftir ár hve

hestafólkið hefur tekið vel í að fá okkur í heimsókn þegar kemur að útskriftarferðinni, okkur langar að þakka þeim öllum kærlega fyrir.

Þá var komið að síðasta stoppinu, og var það að fá eitthvað gott að borða. Á Skerinu beið okkar Pizzahlaðborð og djús til að renna dýrindis pizzum niður. Okkur langar að þakka Lilju og starfsfólkinu á Sker Restraunt fyrir góðar móttökur og flotta veislu en Sker bauð út-

skriftahópnum og fylgdarliði.

Södd og sæl börn fóru á sinn leikskóla, og biðu þess að segja foreldrum sínum frá ævintýrum dagsins.

Okkur langar að þakka Hafþóri bílstjóra fyrir alla hjálpinu og þolinmæði í ferðalaginu og í allan vetur þar sem við höfum farið með honum í nokkrar ferðir.

Pórey, Ásdís og Kristjana



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Nýr forseti bæjarstjórnar



Á bæjarstjórnarfundum Snæfellsbæjar fimmtudaginn 5. júní síð-

astliðinn var Auður Kjartansdóttir kjörin nýr forseti bæjarstjórnar Snæfellsbæjar til eins árs. Auður hefur setið í bæjarstjórn fyrir hönd D listans í Snæfellsbæ síðan árið 2018. Auður tekur við sem forseti bæjarstjórnar af Birni H. Hilmarssyni sem hefur verið forseti bæjarstjórnar frá 2017. Þessi breyting hefur jafnframt í för með sér breytingu á bæjarráði, en Björn tekur sæti Auðar í ráðinu.

SJ

Kvennamótaröðin í golfi



Golfkonur af Snæfellsnesi tóku þátt í fyrstu umferð sumarsins í Kvennamótaröð Snæfellsness

í golfi fimmtudaginn 12. júní. Mótið fór fram á Fróðárvelli og tóku 28 konur þátt. Spilað var

Texas Scramble en þar leika tveir leikmenn saman í liði. Anna María Reynisdóttir og Erla Gunnlaugs-

dóttir stóðu uppi sem sigurvegarar á mótinu. Katrín Gísladóttir og Bylgja Konráðsdóttir tóku annað sætið og Vilborg Lilja Stefánsdóttir og Rebekka Heimisdóttir lentu í 3. sæti. Fengu þær vinninga frá Pastel hárstofu, Fiskmarkaði Íslands, Útgerðinni, Sker, Hótel Vestmar og Muska snyrtistofu. Næsta mót í Kvennamótaröðinni verður haldið á Bárarvelli í Grundarfirði mánudaginn 12. júlí.

SJ